

Hr. Bjarni Benediktsson  
Fjármála- og efnahagsráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2021

### Efni: Áform um almennt útboð og skráningu

Bankasýsla ríkisins og Íslandsbanki hf. („Íslandsbanki“) tilkynntu fyrr í dag áform um almennt útboð og skráningu hluta á Nasdaq Iceland (e. intention to float, ITF). Með ákvörðun fjármála- og efnahagsráðherra þann 29. janúar sl. var Bankasýslu ríkisins falið að annast sölumeðferð eignarhluta í bankanum í samræmi við ákvörðunina og ákvæði laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Í kjölfarið réð stofnunin ráðgjafa að ferlinu<sup>1</sup> og hefur mikill undirbúningur farið fram, innan og utan Íslandsbanka, með það að augnamiði að selja eignarhluti með almennu útboði og skráningu hluta.

Leiðandi söluráðgjafar sem og fjármálaráðgjafi Bankasýslu ríkisins hafa núna mælt með áformum um almennt útboð hlutanna og skráningu þeirra og tekur stofnunin undir sjónarmið þeirra. Þá hefur Bankasýsla ríkisins yfirfarið viðmið stofnunarinnar um hvenær sé rétt að ráðast í sölumeðferð eignarhluta og telur þau uppfyllt á þessari stundu.<sup>2</sup> Einnig hefur stofnunin litið til markmiða eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki um sölu og eignarhald til framtíðar og telur að þeim verði náð með almennu útboði og skráningu.<sup>3</sup>

Eftir birtingu áforma um almennt útboð og skráningu hefjast fundir fulltrúa greiningardeilda söluráðgjafa með mögulegum fjárfestum (e. pre-deal investor education, PDIE). Viðbrögð fjárfesta á þessum fundum eru meðal annars tekin til skoðunar þegar ákvörðun verður tekin um verðbil og stærð hugsanlegs útboðs.

<sup>1</sup> Sjá fréttatilkynningar inn á vef stofnunarinnar [www.bankasysla.is](http://www.bankasysla.is) um ráðningu sjálfstæðum fjármálaráðgjafa, ráðningu á leiðandi umsjónaraðilum, ráðningu sameiginlegs lögfræðiráðgjöfum og ráðningu á söluráðgjöfum.

<sup>2</sup> Viðmiðin eru að íslenskt efnahagslíf hafi styrkst og náð stöðugleika, að virðismat á fjármálafyrirtækjum sé ásættanlegt, að fjárfestar hafi áhuga og bolmagn til fjárfestinga í eignarhlutum og að rekstur, afkoma, fjárhagsskipan og stjórnarhættir viðkomandi fjármálafyrirtækis bendi til þess að fjármálafyrirtækið geti talist álitlegur fjárfestingarkostur. Sjá *Eignarhald og sala á Íslandsbanka hf.: Stöðuskýrsla varðandi fyrirhugaða sölumeðferð*. 4. mars 2020.

<sup>3</sup> Markmiðin eru að ásættanleg skilyrði séu fyrir hendi áður en eignarhlutur er seldur, að gæta langtímahagsmuna ríkissjóðs að teknu tilliti til áhættu og að stuðla að heilbrigðu eignarhaldi til lengri tíma. *Sjá Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki*. Febrúar 2020

Í kjölfar þessara funda verða næstu skref í almennu útboði ákvörðuð, eins og t.d.:

- Útgáfa skráningarlýsingar (e. prospectus) eftir samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Í slíkri lýsingu koma fram allar upplýsingar sem fjárfestar geta reitt sig á við ákvörðun sína um mögulega þátttöku, m.a. um fyrirhugað verðbil. Þar mun einnig koma fram heildarkostnaður vegna útboðsins, en hann liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti á þessari stundu.
- Öflun áskrifta (e. book building), en þá geta fjárfestar skráð sig fyrir hlutum með viðeigandi hætti. Í kjölfarið verður hlutum úthlutað m.a. á grundvelli tilmæla ráðherra til Bankasýslu ríkisins í ákvörðuninni frá 29. janúar sl.
- Ákvörðun um verð og stærð útboðs. Bankasýsla ríkisins mun, ásamt ráðgjöfum sínum, skila rökstuddu mati til ráðherra, sem tekur lokaákvörðun um framangreind atriði, sbr. ákvæði 4. gr. laga nr. 155/2012.
- Uppgjör útboðs og upphaf viðskipta með hlutina í kauphöll.

Ríkissjóður Íslands heldur á öllu hlutfé í Íslandsbanka og fer Bankasýsla ríkisins með eignarhlutinn fyrir hönd ráðherra skv. ákvæðum laga nr. 88/2009. Ríkissjóður eignaðist allt hlutfé í Íslandsbanka eftir að Glitnir hf. framseldi 95% hlut sinn í bankanum vegna stöðugleikaframlags í tengslum við losun fjármagnshafta árið 2016.

Varðandi frekari upplýsingar vísar Bankasýsla ríkisins til tilkynningar um áform stofnunarinnar og Íslandsbanka (*Bankasýsla ríkisins og Íslandsbanki áforma hlutafjárútboð og skráningu á Nasdaq Iceland*) sem unnt er að finna á heimasíðu bankans.

Virðingarfyllt,



Lárus L. Blöndal,  
formaður stjórnar



Jón G. Jónsson  
forstjóri